

C 3/2017/kk

Afgreiðsla Eftirlitsnefndin
Fylgiskjal/-skjöl Endurskoðunarskýrsla

Nefndarálit eftirlitsnefndarinnar um

skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar 2016

Tillaga

Eftirlitsnefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að vekja sérstaklega athygli framkvæmdastjórnans á eftirfarandi atriðum í skýrslu Ríkisendurskoðanda:

- Ríkisendurskoðandi bendir á annmarka á fjármálastjórn á skrifstofunni í Ríga og leggur fram tillögur til úrbóta sem fylgja þarf eftir;
- Ríkisendurskoðandi telur að innra eftirliti hjá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni (NI) sé ábótavant og því þarf að taka á;
- Ríkisendurskoðandi bendir á að gögnum sé ábótavant, meðal annars varðandi þátttakendalista vegna risnuútgjalda, og hvetur NordGen til að uppfæra reglur sínar og verkferla, því ber að fylgja eftir.

að færa til bókar ársreikning og endurskoðunarskýrslu vegna Norrænu ráðherranefndarinnar 2016.

Forsaga

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur farið yfir ársreikninga Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn fyrir árið 2016 sýnir afgang sem nemur 10,2 milljónum danskra króna (m.d.kr.). Til samanburðar nam afgangur árið 2015 19,4 m.d.kr. og árið 2014 nam afgangur 25,5 m.d.kr. Minni afgang má skýra með því að framlag landanna hefur farið lækkandi og gildir það einnig um árið 2016.

Heildartekjur ársins 2016 námu 938,1 m.d. kr, en námu 959,4 m.d.kr. árið 2015, en meginhluti tekna eru framlög frá norrænu löndunum.



Ársreikningur sýnir einnig að eiginfjárstaða NMR árið 2016 var neikvæð um tæplega 110 m.d.kr. Til samanburðar var eiginfjárstaðan neikvæð um rúmlega 100 m.d.kr. árið 2015.

Yfirfært fjármagn nam 36,6 m.d.kr. á árinu 2016 en árið 2015 nam það 43,1 m.d.kr. Af þessari upphæð 2016 voru 11,2 m.d.kr. óráðstafað fjármagn, en það er fjármagn sem ekki er veitt til sérstakra verkefna við árslok.

Varðandi stofnanirnar bendir endurskoðandi á að innra eftirliti Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (NI) í Ósló er ábótavant. Einnig er bent á galla í fjármálastjórn á skrifstofunni í Ríga og að bæta megi fjármálaferli hjá NordGen.

Ríkisendurskoðandi, og raunar einnig eftirlitsnefndin, hafa gagnrýnt að greiðsluferlum hjá Norrænu velferðarmiðstöðinni í Stokkhólmi sé ábótavant. Eftirlitsnefndin bendir á að fyrir árið 2016 hefur Ríkisendurskoðun ekki gert neinar athugasemdir sem þýðir að miðstöðin hefur lagfært vinnuferlið, sem ber að fagna.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Niðurstöður Ríkisendurskoðunar eru að ársreikningurinn gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu Norrænu ráðherranefndarinnar 31. desember 2016.

Ennfremur staðfestir Ríkisendurskoðun að fyrir hendi eru verkferlar og innra eftirlit sem stuðla að því að þær ráðstafanir sem ársreikningurinn nær til eru í samræmi við lög og aðrar reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

Sjónarmið eftirlitsnefndarinnar

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun Danmerkur telur að ársreikningur Norrænu ráðherranefndarinnar gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að ekki sé um að ræða verulegar athugasemdir við ársreikninga NMR vegna ársins 2016.

Að lokum telur eftirlitsnefndin þó að framkvæmdastjóranum beri að fylgja eftir þeim tillögum sem koma fram hjá Ríkisendurskoðanda.

Reykjavík, 20. september 2017

Christian Poll (Alternatívet)

Eva Sonidsson (S)

Irene Johansen (A)

Jan Lindholm (MP), formaður

Liselott Blixt (DF)